

7.júní, 2021

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar,  
Þverholti 2,  
270 Mosfellsbær  
b.t. skipulagsfulltrúa Kristins Pálssonar,  
[kristinnp@mos.is](mailto:kristinnp@mos.is)  
[skipulag@mos.is](mailto:skipulag@mos.is)

**Varðar: Ósk um breytingu á landnotkun í Aðalskipulag Mosfellsbæjar hvað varðar land Skeggjastaða, landnúmer 123764.**

Fh. Landeigenda Skeggjastaða, Mosfellsbæ, landnúmer 123764, er hér með óskað eftir landnotkunarskilgreiningu lögbýlisins Skeggjastaða verði breytt við yfirstandandi endurskoðun á aðalskipulagi Mosfellsbæjar.

Í núverandi Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, er allt land lögbýlisins skilgreint sem óbyggt svæði, en óskað er eftir að það verði skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Jörðin er alls 293,4 ha sbr. hnitsettan uppdrátt STH Teiknistofu ehf., dags. 21.07.2010 (sjá meðfylgjandi skjal).

Jörðin er skráð sem jörð í eyði í lögbýlaskrá Þjóðskrár en núverandi eigandi hefur í hyggju að hefja þar uppbyggingu. Nánar er gert ráð fyrir byggingu mannvirkja í tengslum við landbúnaðarstarfsemi, þ.e.a.s. íbúðarhúsi, geymsluhúsnæði, gróðurhúsi og gripahúsum. Jafnhliða landbúnaðarstarfseminni er gert ráð fyrir uppbyggingu á heilsutengdri þjónustu á jörðinni. Hugmyndir landeiganda standa til þess að stunda landbúnað á jörðinni, í nánnum tengslum við útivist og heilsutengda þjónustu/upplifun fyrir þá sem þurfa á slíkri þjónustu/upplifun að halda. Nánar verður gerð grein fyrir umfangi og staðsetningu mannvirkja í deiliskipulagi.

Hluti jarðarinnar er innan „Græna trefilsins“ og vatnsverndarsvæðis, en þess verður gætt að öll starfsemi á jörðinni falli að þeim skilyrðum sem sett eru varðandi landnotkun á þeim svæðum.

Sú starfsemi sem fyrirhuguð er á jörðinni ætti að falla vel að framtíðarsýn Mosfellsbæjar eins og hún er sett fram í skipulagslýsingu að endurskoðun gildandi aðalskipulags, dags. 07.09.2020, um „*framsækið samfélag þar sem ábyrgðarkennd ríkir gagnvart náttúru og umhverfi, auk þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð eru ávallt höfð að leiðarljósi.*“

Með ósk um jákvæðar undirtektir,  
virðingarfyllt,



Salvör Jónsdóttir